

Almennar upplýsingar:

Nafn Kanon arkitektar ehf
Erindi nr. P-2020-03-18-0176
Kennitala 6811942749
Heimilisfang LAUGAVEGI 26
Póstnúmer 101 Reykjavík
Símanúmer 5124211
Netfang dora@kanon.is
Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða) -
Netfang tengiliðs dora@kanon.is

Greiðanda kennitala 5302697529
Greiðanda nafn Faxaflóahafnir sf.
Greiðanda netfang hildur@faxafloahafnir.is

Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti Gufuneshöfði

Umsækjandi er Í umboði eiganda

Umsækjandi Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag

Erindið fjallar um Breytingu á deiliskipulagi

Stutt lýsing á erindi

Breyting felst í því að leyfileg hæð masturs innsiglingamerkis verði um 15 m í stað 10 m í gildandi deiliskipulagi. Einnig verði akfær aðkomuslóði að innsiglingamerki varanlegur, en ekki tímabundinn skv. gildandi deiliskipulagi. Að öðru leyti gilda skilmálar.

Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn – þar sem við á

Uppdrættir

Lýsandi nafn 20200317-19-12-30001-Deiliskipulagsuppdrattur.pdf skjals


Önnur gögn

Lýsandi nafn 190902_umbod.pdf skjals

Lýsandi nafn 20200318-Stadfesting-fra-Umhverfisstofnun.pdf skjals

-
Nei, ekki hefur verið haft samband við veitufyrirtæki

Skv. upplýsingum á borgarvefsjá eru engar lagnir á svæði
deiliskipulagsbreytingar.

From: Axel Benediktsson axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is 
Subject: RE: Innsiglingamerki Gufuneshöfði
Date: 18 March 2020 at 09:00
To: Anna Sóley Þorsteinsdóttir annasoley@kanon.is
Cc: hildur@faxafloahafnir.is, Halldóra Bragadóttir dora@kanon.is, Björn Stefánsson bjorn@umhverfisstofnun.is

AB

Sæl

Höfum engar athugasemdir.

Hafa ber í huga ef við á:

Skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skránnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Bestu kveðjur, Best regards

Axel Benediktsson
Sérfræðingur, Advisor
Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

From: Anna Sóley Þorsteinsdóttir <annasoley@kanon.is>

Sent: þriðjudagur, 17. mars 2020 16:25

To: Axel Benediktsson <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>
Cc: hildur@faxafloahafnir.is; Halldóra Bragadóttir <dora@kanon.is>
Subject: Fwd: Innsiglingamerki Gufuneshöfði

Sæll Axel,

samkvæmt símtali okkar áðan hefur Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að akfær slóði, sem lagður verður frá göngustíg að mastri, verði þar áfram að loknum framkvæmdum. Getur þú staðfest það skriflega, sú staðfesting mun fylgja umsókn okkar.

Kveðja

Anna Sóley Þorsteinsdóttir arkitekt FAÍ

KANON ARKITEKTAR
Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • sími 512 4217 • www.kanon.is

Begin forwarded message:

From: Anna Sóley Þorsteinsdóttir <annasoley@kanon.is>
Subject: Innsiglingamerki Gufuneshöfði
Date: 17 March 2020 at 14:31:49 GMT
To: "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is"
<axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>
Cc: "hildur@faxafloahafnir.is" <hildur@faxafloahafnir.is>, Halldóra Bragadóttir
<dora@kanon.is>

Sæll Axel,

erindið varðar deiliskipulagsbreytingu fyrir Hamrahverfi - nýtt innsiglingamerki á Gufuneshöfða.

Gildandi deiliskipulagsbreyting var samþykkt í haust (sjá viðhengi) og við vinnslu hennar var Halldóra Bragadóttir í samskiptum við þig. Ykkar umsögn sem fylgdi erindinu er dagsett 24.09.2019 og undirrituð af þér og Birni Stefánsyni (sjá viðhengi).

Til stendur að gera smávægilega breytingu á þessari deiliskipulagsbreytingu. Í leiðinni langar okkur að kanna ykkar afstöðu til þess að við breytum ákveðnu orðalagi í greinargerðinni þar sem fjallað er um akfæran aðkomuslóða. Þar kemur fram að slóðinn verði fjarlægður að loknum framkvæmdum. Vilji er fyrir því að þessi ný slóði fái að vera áfram vegna hugsanlegs viðhalds ef til þess kæmi en hann verður afar sjaldan notaður. Svipaður slóði er á svæðinu í dag þar sem tvö möstur standa nú, möstur sem verða fjarlægð þegar nýja tekur við. Eins og sjá má á loftmynd sem fylgir í viðhengi er núverandi slóði lítt áberandi og gróður fær að leggjast yfir. Nýr aðkomuslóði fengi sama yfirbragð og núverandi slóði. Aðkomuslóðinn yrði því ekki tímabundinn en væri ekki áberandi í umhverfi sínu. Gott væri að heyra ykkar afstöðu til þessarar breytingar.


Kveðja

Anna Sóley Þorsteinsdóttir arkitekt FAÍ

Anna Soley Forstemsdottir arkitekt / A


KANON ARKITEKTAR

Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • sími 512 4217 • www.kanon.is









1 gildandi deiliskipulag Hamrahverfi - deiliskipulag samþ. í Skipulags- og samgönguráði 2.10.2019, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 20.11.2019. 1:2000

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

Í gildi er deiliskipulag fyrir Hamrahverfi – Innsiglingamerki á Gufuneshöfða samþ. í Skipulags- og samgönguráði 2.10.2019 og tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. nóvember 2019. Breytingin felst í því að leyfileg hæð mastursins verði um 15 m í stað 10 m í gildandi deiliskipulagi. Einnig verður akfær aðkomuslóði varanlegur en ekki tímabundinn. Að öðru leyti gilda eftirfarandi skilmálar gildandi deiliskipulags. Uppdrátturinn er óbreyttur.

Inngangur
Vegna hlíðrunar innsiglingalínu fyrir Sundahöfn, stendur til að fjarlægja innsiglingamerki (tvö möstur), sem nú standa við Gufuneshöfða, vestast í íbúðarbyggð Hamrahverfis við Hesthamra. Þessi í stað verður sett upp nýtt innsiglingamerki (eitt mastur) fyrir nýja innsiglingalínu, um 105 metra til norðausturs, vestan Leiðhamra / Krosshamra.

Forsaga og forsendur
Á Gufuneshöfða standa nú innsiglingamerki fyrir Sundahöfn, sem sett voru upp fyrir nokkrum áratugum þegar Hamrahverfi byggðist upp. Í deiliskipulagi Hamrahverfis frá 1985 með síðari breytingum er gerð grein fyrir merkjunum, möstrum og merkjalnum. Merkin leiðbeina skipum fyrir innsiglingu að Sundahöfn og siglingalínan, sem merkin taka til, nær frá norðurlenda Egejvar um allt Víðeyjarsund, Skarfaragö og að Kleppsvík. Ný siglingarlína er til komin vegna nýs hafnarbakka utan Klepps, en færa þarf siglingaleiðina frá bakkanum, þannig að öruggt bil verði á milli skips á siglingu og skips í viðlegu við nýjan hafnarbakka. Ný gerð siglingamerkja hefur rutt sér til rúms. Í stað þeirra tveggja mastra sem fjarlægð verða, er einungis þörf á einu mastri, með nýrri gerð ljósbúnaðar, stefnuvirkandi ljósi fyrir siglingalínuna. Hæð nýs masturs verður um 15 m.

Skipulagsleg staða - deiliskipulag
Í gildi er deiliskipulag Hamrahverfis, samþ. 16.4.1985, með síðari breytingum. Á deiliskipulagsupprætti er gerð grein fyrir ákvæðum og kvöðum vegna núverandi siglingamerkja. Þar eru dökkir reitir í innsiglingalínunni fyrir möstur og ljósi reitir fyrir takmarkanir á mænishæðum o.fl., ásamt öðrum kvöðum og ákvæðum um götulyssingu, aðkomuleiðir, lagnaleiðir o.þ.h. Á vef Skipulagsstofnunar er aðgengilegur uppráttur fyrir deiliskipulag Hamrahverfis, en það er breyting á umræddu deiliskipulagi, samþ. í borgarstjórn 8.11.1988.


Skipulagsleg staða - aðalskipulag
Deiliskipulag Hamrahverfis er á íbúðarsvæði íB48 skv. gildandi aðalskipulagi. Staðsetning annars tveggja núverandi mastra sem fjarlægð verða og einnig þess nýja, sem stendur til að setja upp í samræmi við deiliskipulagsbreytingu þessa, er í vesturjaðri íbúðarbyggðarinnar á svæði sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi er opið svæði OP12 Gufuneshöfði. Allt svæði OP12 er skilgreint sem hverfisverndarsvæði - H8 (borgarvernd). Það er að stærstum hluta skilgreint sem borgargarður, en vestasti hluti meðfram strandlengju sem strandsvæði. Svæðið er á náttúruvinnjaskrá (N7). Umsögn Umhverfisstofnunar vegna deiliskipulagsbreytingar þessarar mun fylgja erindi þessu sem fylgigögn þegar hún liggur fyrir.

Umhverfi og aðkoma
Staðsetning nýs innsiglingamerkis er sem fyrr segir skammt vestan núverandi íbúðarbyggðar á opnu svæði Gufuneshöfða, sem skilgreint er sem hverfisverndarsvæði. Stórgrýtt strönd, stórbrotið og heillegt holtalandslag á kollinum ásamt jökulminjum einkenna svæðið. Skv. aðalskipulagi miðast stefnumótun fyrir skipulag svæðisins við að halda ásynð holtins og náttúru óraskaðri. Lagður verður akfær aðkomuslóði frá útivistarstig sem liggur í framhaldi gönguleiðar við Leiðhamra. Áhrif á umhverfi svæðisins vegna framkvæmda sem hér um ræðir, þ.e. uppsetningar nýs masturs fyrir innsiglingamerki ásamt akfærum aðkomuslóða, eru óveruleg. Rask á framkvæmdatíma verður lítið. Framkvæmdir hefur ekki áhrif á verndargildi svæðisins. Akfærar aðkomuslóða að mastrinu, þarf að tilgreina í vegaskrá sbr. 3 mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Fornleifar
Umgengni við fornminjar skal vera í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012. Forðast skal rask nær en 15 m frá sýnilegum útmörkum fornminja. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er sbr. 24. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í tengslum við deiliskipulagsbreytingu þessa fór fram skoðun á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur. Engar fornleifar eða yngri minjar fundast á yfirborði á eða við svæði deiliskipulagsbreytingarinnar. Borgarsögusafn mun vinna fornleifaskráningu sem send verður Minjastofnun Íslands til umsagnar. Skýrslan ásamt umsögn MI munu fylgja erindi þessu sem fylgigögn þegar þau liggja fyrir.

Lýsing á tillögu að deiliskipulagsbreytingu
Með breytingu þessari á deiliskipulagi Hamrahverfis, samþ. 16.4.1985 með síðari breytingum, er deiliskipulagsvæðið stækkað og mörk þess færð til norðvesturs yfir hverfisverndarsvæði Gufuneshöfða að strandsvæði (skv. aðalskipulagi). Núverandi möstur / innsiglingamerki verða fjarlægð og kvæðir og ákvæði vegna þeirra felld niður. Þessi í stað verður nýtt innsiglingamerki sett upp fyrir nýja innsiglingalínu, sem hlíðrað er um 105 metra til norðausturs frá þeirri sem fyrir er. Ganga skal frá svæði fjarlægðra mastra og tilheyrandi vinnuslóða á þann veg að ummerki hverfi með uppgæðslu og skal notast skal við staðargróður í þeim tilgangi. Um nýtt innsiglingamerki gilda eftirfarandi skilmálar skv. deiliskipulagsbreytingu þessari:

- Með tillögu að deiliskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir nýtt mastur og siglingamerki. Reiturinn er 100 m² að stærð. Innan reitsins skal koma fyrir mastri með tilheyrandi ljósbúnaði fyrir breytta innsiglingalínu. Mastrið með siglingamerkinu verður um 15 metra hátt. Á sjálfu mastrinu er netgírding sem tryggir að ekki sé unnt að klífra í því fyrir óviðkomandi. Ekki er þörf á girðingu eða annarri afmörkun reitsins.
- Skilgreint er 30 metra breitt helgunarsvæði í stefnu nýrrar innsiglingalínu og umhverfis byggingarreit siglingamerkis. Helgunarsvæðið nær til norðvesturs að breyttum mörkum deiliskipulagsvæðisins við strandsvæði. Á helgunarsvæðinu er ekki heimilt að gera ráð fyrir mannvirki eða búnaði af nokkru tagi eða öðru sem skyggt getur á merkið, þ.m.t. háum gróðri.
- Gera skal ráð fyrir akfærum aðkomuslóða að mastri / innsiglingamerki fyrir umferð vegna viðhalds. Staðsetning aðkomustígs á deiliskipulagsupprætti er leiðbeinandi, en hann verður lagður frá útivistarstig, sem liggur vestan íbúðarbyggðar og tengist vesturlenda Leiðhamra.
- Gera þarf ráð fyrir rafmagnslínu að siglingamerkinu og mun kvöð um lagnaleiðir koma fram á mæliblaði.




ÚR AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-2030, mkv. 1: 20.000

SKÝRINGAR


- ný afmörkun deiliskipulagsvæðis
- afmörkun svæðis deiliskipulagsbreytingar
- helgunarsvæði siglingamerkis
- byggingarreitur fyrir nýtt mastur / siglingamerki
- niúrfelldar kvæðir vegna fjarlægðra siglingamerkja
- innsiglingalína
- lóðamörk íbúðarbyggðar
- núverandi byggingar



2 skýringarmynd 1:5000



3 snið A-A gildandi deiliskipulag Hamrahverfi - deiliskipulag samþ. í Skipulags- og samgönguráði 2.10.2019, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 20.11.2019. 1:1000



4 snið A-A tillaga að deiliskipulagi 1:1000

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á _____ þann _____ 20__.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eda umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

breyting: | skýring: | dags.:



LAUGAVEGI 26 • 101 REYKJAVÍK • Sími 512 4200 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

Hamrahverfi
Tillaga að deiliskipulagsbreytingu
Innsiglingamerki á Gufuneshöfða

efni: Greinargerð, deiliskipulagsuppr., skýringarmynd og snið
mkv.: 1:1000, 1:2000 og 1:5000 | teiknað | yfirfarið
1: ASP HKB
teikn.nr. | dags.:
19-12 - 19-12-30001-Deiliskipulagsuppráttur 17.03.2020
| skrá: 19-12 GRUNNUR.vwx

Gufuneshöfði, breyting á deiliskipulagi

Umsögn um athugasemdir

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 11. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Gufuneshöfða.

Í breytingunni felst að leyfileg hæð masturs verði um 15 metrar í stað 10 metrar ásamt því að akfær aðkomuslóði verður varanlegur en ekki tímabundinn, samkvæmt uppdrætti Kanon arkitekta ehf. dags. 17. mars 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 18. mars 2020 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við erindið.

Tillaga var grenndarkynnt frá 27. apríl 2020 til og með 25. maí 2020.

Eftirtöldum hagsmunaaðilum var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna:

Húseigendum að Leiðhömrum 31, 37, 39, 46, 48, 50, 52, 54, og 56 og Krosshömrum 10, 12, 14, 16, 18, 20, 29, 31 og 33.

Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Gunnar Hauksson og Guðrún H. Ingimarsdóttir, Krosshömrum 18, dags. 12. maí 2020.
- Jón Ágúst Guðmundsson, Leiðhömrum 56, dags. 25. maí 2020.
- Jóhannes Þorkelsson, Leiðhömrum 54, dags. 25. maí 2020.

Skipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Hamrahverfi, innsiglingamerki á Gufuneshöfða, sem samþykkt var í Skipulags- og samgönguráði þann 2.10.2019 og tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. nóvember 2019. Breytingin fólst í því að fjarlægja tvö innsiglingamerki við Gufuneshöfða og koma fyrir nýju innsiglingamerki um 105 m til norðausturs vestan Leiðhamra/Krosshamra. Breytingin var samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslu skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Bréf 1. Krosshamrar 18

Spurningar/athugasemdir

1. Spurt er um ferli breytingar sem samþykkt var í Skipulags- og samgönguráði 2. október 2019. Hvers vegna íbúar fá kynningu nú en ekki í fyrra skipti.
2. Spurt er um aðgengi að gildandi skipulagi.
3. Spurt er um landhæð grunns fyrir nýtt mastur.
4. Spurt er um hæð núverandi mastra og fyrirhugaðs masturs.
5. Spurt er um útlit nýs masturs.
6. Spurt er um hæð nýs masturs miðað við núverandi mastur og rök fyrir hæð þess.
7. **Mótmælt er hæð og staðsetningu mastursins miðað við kynnt gögn. Telja að mikil sjónmengun verði af því og risk af falletum trjálundi vegna vegslóða. Óskað er eftir að mastrið verði haft nær hafi og neðar í hlíð.**



Spurningar/athugasemdir/svör:

Spurt er um ferli deiliskipulagsbreytingar sem samþykkt var í Skipulags- og samgönguráði 2. október 2019. Hvers vegna íbúar fá kynningu nú en ekki í fyrra skipti.

1. Í gildi er deiliskipulag fyrir Hamrahverfi, innsiglingamerki á Gufuneshöfða, sem samþykkt var í Skipulags- og samgönguráði þann 2.10.2019 og tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. nóvember 2019. Ástæða þess að breytingin var samþykkt án auglýsingar eða grenndarkynningar var að um óverulega breytingu á deiliskipulaginu væri að ræða og breytingin talin ívilnandi fyrir hverfið þar sem tvö háreist möstur (21m og 14m á hæð auk siglingamerkja), það hærra innan hverfis, verði tekin niður og eitt mastur (10 m á hæð) komið fyrir í stað þeirra í um 120 til 200 metra fjarlægð frá jaðarbyggð hverfisins í vestur. Einnig var lögð áhersla á að um væri að ræða mikilvægt öryggisatriði, sem þyrfti að flýta þar sem dimmasti tími ársins væri frammundan. Í ljósi þess að mastrið er nú hækkað í 15 m eða um 5 m frá fyrri samþykkt var talið eðlilegt að grenndarkynna breytinguna fyrir þeim íbúum, sem hafa beina sýn á mastrið.

Spurt er um hvar megi nálgast breytt deiliskipulag, ekkert fundist á vef Reykjavíkurborgar.

2. Beðist er velvirðingar á því að skipulagsvefur Reykjavíkurborgar hefur ekki að fullu verið aðgengilegur en uppfærsla á honum er í vinnslu. Bent er á vef Skipulagsstofnunar en þar er aðgengilegur uppdráttur merktur: Gufuneshöfði, stækkun hverfis, innsiglingamerki. Málsmæðferð: Deiliskipulag, óveruleg breyting, samþ. 2.10.2020.

Um landhæð grunns fyrir nýtt mastur (virðist hækka um 20 m).



3. Í dag standa tvö möstur á höfðanum sem verða fjarlægð. Það vestara er 14 m á hæð og það sem stendur austur og er inni í byggðinni er um 21 m á hæð. Samkvæmt gögnum um hliðrun siglingalínu er hækkan á landhæð fyrir grunn nýs masturs (eitt mastur kemur í stað tveggja sem nú standa) um 15 m hærra í landi en vestara mastrið og um 9 m hærra en það sem stendur austur. Hækkan mastursins í landi grundvallast á að hliðra þarf siglingalínunni um 105 metra til norðurausturs í átt að hæsta kalli höfðans. Nýja mastrið er svipað á hæð og vestara mastrið en 6 m lægra en það sem stendur austur.

Um hæð núverandi mastra og fyrirhugaðs masturs miðað við sjávarmál.

4. Sjá svar 1 við lið 3 varðandi hæð masturs. Samkvæmt gögnum er hæð fyrirhugaðs masturs til að tryggja öryggi stærstu og minnstu skipa/báta um Engeyjarsund sbr. sjókort Landhelgisgæslu Íslands og Reykjavíkurborgar, dags. 10. maí 2019. Mastrið er staðsett tveimur til þremur metrum neðar en grunnkóti húsa við Leiðhamra 48-56 eða í landhæð um 36 m.y.s. og er ljóshæð þess í um 51 m hæð yfir sjó.

Um útlit nýs masturs. Umfang og toppinn. Útlitsmynd væri vel þegin.

5. Mastrið er svokallað gitter-mastur og verður að svipaðri gerð og þau möstur sem fyrir eru. Ekki verður sett á það þríhyrnt skilti líkt og eru á núverandi möstrum, heldur stefnumarkandi ljós. Ljósið hefur fasta stefnu í átt að Sundahöfn og engin ljósmengun verður af því. Masrtið er byggt úr tveimur 7,5 m löngum stöðluðum stálgrindareiningum ofan á staðsteyptan sökkul, í þrístrendu grunnformi, sem er breiðast neðst en mjókkar upp. Ljósabúnaði er komið fyrir efst á mastrið á stálplötu með stefnumarkandi ljósi fyrir siglingalínuna. Ljósabúnaðurinn er lítill um sig, eða um 30 cm á hæð og um 75 cm að lengd, sjá meðfylgjandi teikningu. Neðst á mastrinu er netgirðing, sem tryggir að ekki er hægt að klifra í því. Fyrir ofan netgirðinguna er kassi fyrir rafmagnsbúnað.



Stærð á ljósi í topp öll mál í mm



Um hæð núverandi masturs og fyrirhugaðs masturs og hvaða rök mæla fyrir því að mastrið þurfi að vera svo hátt.

6. Sjá svar 1 við lið 3 og 5 varðandi hæð masturs.

Samkvæmt gögnum er hæð fyrirhugaðs masturs til að tryggja öryggi stærstu og minnstu skipa/báta. Staðsetning mastursins verður að vera í innsiglingarlínu að nýjum Sundabakka, Siglingarsvið Landhelgisgæslunnar gefur út kort sem sýnir hvar merkið þarf að vera staðsett, það er ekki svigrúm til þess að færa það, sbr. uppdrátt hér að neðan.

Mótmælt er hæð og staðsetningu mastursins miðað við kynnt gögn. Telja að mikil sjónmengun verði af því og rask af fallegum trjálundi vegna vegslóða. Óskað er eftir að mastrið verði haft nær hafi og neðar í hlíð.

7. Ekki er hægt að verða við ósk athugasemmdaraðila hvað varðar hæð og staðsetningu mastursins, sbr svör að framan. Mastrið er staðsett í um 120 til 180 metra fjarlægð frá næstu lóðum við Leiðhamra og Krosshamra og er útsýni frá jaðarbyggð Hamrahverfis óvenju mikið, opinn sjóndeildarhringur yfir borgina í vestur og út yfir sundin. Mastrið er opinn einfaldur strúktúr með nettu innsiglingaljósi, sem veldur hvorki ljósmengun né hávaðamengun og óverulegri skerðingu á útsýni. Bent er á til samanburðar að hæð ljósaustaura meðfram stofnbrautum er um 12 m á hæð. Séð verður til þess að í stað þess gróðurs, sem verði fjarlægður verði gróðursettur sambærilegur gróður í hans stað. Eins og fyrr segir verður staðsetning mastursins að vera í innsiglingarlínu að nýjum Sundabakka, Siglingarsvið Landhelgisgæslunnar gefur út kort sem sýnir hvar merkið þarf að vera staðsett, það er því ekki svigrúm til þess að færa það, sbr. uppdrátt.




Umhverfisstofnun skoðaði sérstaklega atriði varðandi varanlegan vegslóða og gerði ekki athugasemdir við að akfær slóði, sem lagður verður frá göngustíg að nýju mastri verði þar áfram að loknum framkvæmdum.

Svipaður slóði er á svæðinu í dag þar sem núverandi möstur standa nú og er hann lítt áberandi og gróður fær að leggjast yfir. Nýr aðkomuslóði fengi sama yfirbragð og núverandi slóði. Aðkomuslóðinn yrði því ekki tímabundinn en væri ekki áberandi í umhverfi sínu.

Akfæri slóðinn að merkinu er aðeins fyrir viðhald og uppsetningu á innsiglingarljósinu, ekki er gert ráð fyrir því hann að hann verði nýttur nema í undantekningartilfellum og verður þá farið varlega um svæðið enda vinsælt útivistarsvæði.

Minnt er á að í stað þessa masturs verða tvö önnur möstur, tekin niður. Innsiglingarljósið er forsenda fyrir innsiglingu og hafnarbakka á þessum stað.



Bréf 2. Leiðhamrar 54 og 56 (bréf samhljóða).

Athugasemdir/svör:

Um útlit nýs masturs. Merkið sem setja á upp er hærra og meira áberandi en núverandi merki. Það er á nýjum stað og er talið rýra verðgildi þeirra eigna, sem það hefur beinust áhrif á.

1. Útlit og umfang fyrirhugaðs masturs yrði áþekkt núverandi gitter-möstrum að því undanskildu að þríhyrnan verður ekki heldur stefnuvirkandi ljós fyrir siglingalínuna. Sjá einnig svar 1.3, 1.5 og 1.7.

Bent er á að eigendur fasteigna í þéttbýli geti ávallt vænst þess að einhverjar breytingar verði gerðar á skipulagi/mannvirkjum í nánasta umhverfi, sem haft geti í för með sér skerðingu eða breytingar. Bent er á að ef gildistaka skipulags veldur því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að þeir rýrni svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður, þá á sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum átt rétt á bótum úr borgarsjóði sbr gr. 5.1 í skipulagslögum.



Um staðsetningu og hæð nýs masturs, gerð merkis, hvaða ljós-, sjón- og hávaðamengun megi vænta og lýsing á stærð og gerð efsta hluta mastursins.

2. Staðsetning mastursins verður að vera í innsiglingarlínu að nýjum Sundabakka, Siglingarsvið Landhelgisgæslunnar gefur út kort sem sýnir hvar merkið þarf að vera staðsett, það er ekki svigrúm til þess að færa það, sjá uppdrátt að framan.
Skip munu í framtíðinni leggjast að nýjum hafnarbakka utan Klepps. Siglingaleiðin þarf að færast fjær framhjá bakkanum þannig að öruggt bil verði milli skips á siglingu og skips í viðlegu.
Niðurstaðan er að siglingalínan á Gufunesi þarf að færast, hliðrast um 105 metra til norðausturs.
Sjá einnig svar 1.3-1.5 og 1.7.

Um akfæran varanlegan slóða á náttúrminjaskrá.

3. Umhverfisstofnun skoðaði þetta atriði sérstaklega og gerði ekki athugasemdir við að slóðinn yrði varanlegur, sjá einnig svar 1.7.

Um staðsetningu nýs masturs. Athugasemdaraðilar mótmæla fyrirhugaðri breytingu og tilfærslu á innsiglingamerkinu og óska eftir að núverandi siglingamerki verði uppfærð og staðsett á núverandi stöðum vegna hefðar. Ef það reynist ekki mögulegt væri fýsilegri kostur að færa það á stað sem veldur minni sjónmengun, hefur minni áhrif á íbúa og skapast meiri sátt um.

4. Sama svar og við spurningu nr. 2.2

Niðurstaða:

kynt breyting felst aðeins í að leyfileg hæð masturs verði 15 m í stað 10 m, ásamt því að akfær aðkomuslóði verði varanlegur en ekki tímabundinn.

Í ljósi ofangreindra svara er ljóst að ekki er hægt að verða við óskum athugasemdaraðila er varðar breytingar á staðsetningu og hæð nýs innsiglingamerkis.

Lagt til að kynt tillaga verði samþykkt óbreytt.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt FAÍ